

Nd.

291. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag, og var það sameiginlegur fundur fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda.

Bankastjórar Seðlabankans og forstjóri Þjóðhagsstofnunar mættu á fundinum, svöruðu fyrirspurnum og veittu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Ólafur G. Einarsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson,
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Tómas Árnason.

Þórarinn Þórarinsson.